



Húsaskóli – mat á skólastarfi unglingadeildir

Okt. 2011
Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Birna Sigurjónsdóttir

Hildur Björk Svavarsdóttir

Hildur Sigurðardóttir

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
Inngangur	4
Skólastarf.....	5
Námsárangur	5
Stefna og starfsáætlun	5
Nemendur og líðan	6
Stjórn nemendafélags	7
Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi	8
Verklag	11
Fjölbreyttar leiðir í námi	11
Kennsluhættir	11
Mat á gæðum kennslustunda – vettvangsathuganir.....	12
Skólaþróun og mat	13
Mannauður	15
Starfsánægja og líðan á vinnustað	15
Samstarf.....	15
Aðbúnaður	16
Símenntun og starfsþróun.....	16
Heimildir	18
Fylgiskjöl.....	18

Inngangur

Í skýrslu þessari verður greint frá niðurstöðum mats á skólastarfi í unglिंगadeild Húsaskóla sem fram fór í september 2011. Heildarmat á Húsaskóla fór fram haustið 2007 en í ljósi þess að vorið 2011 var lagt til í menntaráði Reykjavíkur að sameina unglिंगadeildir í Hamra-, Húsa-, og Foldaskóla í húsnaði Foldaskóla haustið 2012 var ákveðið að skoða skólastarf í unglिंगadeild skólans sérstaklega svo starfshópur um þessa sameiningu hefði nýlegar upplýsingar þar um. Heildarmati á Foldaskóla lauk vorið 2011 og Hamraskóli lýkur heildarmati á haustönn 2011. Þannig verða aðgengilegar sambærilegar upplýsingar um þessa skóla sem nýst geta í því sameiningarferli sem framundan er í unglिंगadeildum skólanna. Matið var framkvæmt af starfsfólki í stýrihópi um heildarmat skóla- og frístundasviðs. Gagna var aflað með viðtölum, vettvangsathugunum og rýnihópum nemenda og kennara á unglिंगastigi.

Leiðarljós við matið nú sem endranær var: ***Að börnum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.*** Vísað er í fyrri skýrslu um heildarmat á Húsaskóla um nánari tilgang og markmið mats á skólastarfi í grunnskólum.

Skólastjóri Húsaskóla er Valgerður Selma Guðnadóttir og aðstoðarskólastjóri er Kristín V. Þórðardóttir.

Í Húsaskóla eru 253 nemendur í 1.-10. bekk skólaárið 2011-2012. Síðustu þrjú ár hafa um 99% af fjölda nemenda sem á lögheimili í skólahverfinu sótt skóla í Húsaskóla. Eftir fyrirhugaða breytingu frá og með haustinu 2012 er reiknað með að nemendur í Húsaskóla verði 150-160 á næstu árum.¹

Í skólanum starfa 43 starfsmenn skólaárið 2011-2012 í 37,85 stöðugildum, þar af stjórnendur í 2,5 stöðugildum og kennarar í 24,28 stöðugildum. Samkvæmt þessu eru um 6,7 nemendur á hvert stöðugildi sem er aðeins lægra en í borginni í heild að meðaltali (7,1). Ef aðeins er miðað við kennara í Húsaskóla eru 10,5 nemandi á hvert stöðugildi kennara sem er aðeins lægra en borginni að meðaltali (11,3).

Skólinn hóf starfsemi sína í september 1991 í lausum stofum á lóð skólans. Kennsla hófst í núverandi húsnaði haustið 1992. Annar áfangi var tekinn í notkun 1993 og síðasti áfangi 1995.

Heildarstærð skólans er 4.661 m² án íþróttarýmis.

Matsskýrslan er vinnuskjal skólans, en skólar eru hvattir til að birta hana á heimasíðu.

¹ Nemendaspá gerð á Menntasviði haustið 2011.

Skólastarf

Námsárangur

Samræmd könnunarpróf – framfarastuðull²

Meðaltalsárangur nemenda í Húsaskóla á samræmdum könnunarprófum í 7. bekk haustið 2010 er í báðum greinum undir landsmeðaltali og meðaltali borgarinnar. Í 10. bekk er meðaltalsárangurinn yfir landsmeðaltali í öllum greinum og yfir meðaltali Reykjavíkur í íslensku og stærðfræði.

Framfarastuðull nemenda í 7. og 10. bekk Húsaskóla 2010 er nálægt venjulegum framförum í bæði íslensku og stærðfræði. (Skýrsla um samræmd könnunarpróf. 2010).

	Meðaltal 2010	Meðaltal 2005-2010	Reykjavík 2010	Framfarastuðull
7. bekkur :				
Íslenska	27,1	29,8	30,8	1,00
Stærðfræði	29,9	30,2	30,4	0,99
10. bekkur:				
Íslenska	30,8	31,2	30,6	0,98
Stærðfræði	31,4	30,2	30,9	0,97
Enska	30,7	30,5	31,0	-

Árangur í Pisa 2009

PISA er umfangsmikil alþjóðleg rannsókn á hæfni og getu 15 ára nemenda í lestri, náttúrufræði, stærðfræði og þrautalausn. Í PISA 2009 var lögð áhersla á mælingu á lesskilningi nemenda, en einnig var hluti prófsins endurtekning á mælingum í stærðfræði og náttúrufræði (upplýsingar fengnar af heimasíðu Námsmatsstofnunar www.namsmat.is).

Skoðuð hefur verið staða grunnskóla í Reykjavík út frá árangri í PISA 2009. Húsaskóli er í hópi þeirra skóla sem fá slakasta útkomu í lesskilningi, stærðfræði og náttúrufræði. Þátttaka nemenda í rannsókninni var 67%. Í PISA 2006 var Húsaskóli mun ofar eða í 2.sæti í lesskilningi og í hópi 10 efstu skóla í stærðfræði og náttúrufræði en þá tóku 92% nemenda þátt.

Stefna og starfsáætlun

Starfsáætlun Húsaskóla fyrir skólaárið 2010-2011 var yfirfarin á grunnskólaskrifstofu menntasviðs haustið 2010. Hún uppfyllti að öllu leyti þau skilyrði sem sviðið setur grunnskólum Reykjavíkur um starfsáætlanir og var í fullu samræmi við 29. grein grunnskólalaga nr. 91/2008 um starfsáætlanir grunnskóla. Afar vel unnin starfsáætlun sem veitir allar umbeðnar upplýsingar að mati matsmanns.

² Framfarastuðull gefur vísbendingu um hvort frammistaða nemenda í skólanum hafi breyst frá því árgangurinn þreytti samræmd próf fyrr á námsferlinum. Talan 1.00 merkir venjulegar framfarir nemenda. Tölur 0.94 eða lægri og 1.06 eða hærra benda til mikilla breytinga á stöðu nemenda.

Einkunnarorð skólans eru: Ábyrgð - Virðing - Vinátta - Starfsgleði – Samvinna. Stefna Húsaskóla tekur mið af grunnskólalögum, Aðalnámskrá grunnskóla og framtíðarsýn Reykjavíkurborgar:

Markmið skólastarfsins eins og þau eru sett fram í skólustefnu eru:

- Að veita góða, alhliða menntun og stuðla að þroska hvers og eins nemanda.
- Að stuðla að góðri líðan nemenda.
- Að stuðla að góðu samstarfi við foreldra.
- Að leggja áherslu á jákvætt, faglegt starfsumhverfi og starfsánægju. (Starfsáætlun Húsaskóla, Stefna og markmið).

Í viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2009 kemur fram að starfsmenn telja sig almennt þekkja markmið og stefnu vinnustaðarins og eru ánægðir með hana.

Nemendur og líðan

Skólinn er þátttakandi í Skólapúlsinum, vefkerfi sem miðar að því að veita skólastjórnendum stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum sem aflað er mánaðarlega um þætti sem tengjast virkni nemenda og líðan þeirra í skólanum og um skóla- og bekkjaranda. Niðurstöður um stöðu nemenda í 6.-10. bekk eru bornar saman við niðurstöður fyrri mælinga í skólanum og við landsmeðaltal sem gefur skýrar vísbendingar um þróun mála í skólanum og stöðu nemenda í skólanum miðað við nemendur í öðrum skólum í landsins.³

Í könnun Skólapúlsins sem lögð var fyrir úrtak nemenda úr 6.-10. bekk Húsaskóla í september 2011 hefur ánægja af lestri lækkað örlítið frá síðustu mælingum (vorið 2011) en er þó marktækt yfir landsmeðaltali. Áhugi á stærðfræði hefur aukist töluvert frá síðustu mælingu og er marktækt yfir meðaltali landsins. Stjórn á eigin árangri og þrautseigja í námi kemur einnig vel út hjá nemendum Húsaskóla auk þess sem þeir telja gildi náttúruvísinda meira en aðrir nemendur á landinu.

Spurningar er varða, kvíða og vanlíðan koma betur út en í fyrri mælingum en vanlíðan nemenda mælist örlítið undir landsmeðaltali. Athygli vekur kynjamunur í spurningum sem varða kvíða þar sem strákar koma betur út en stelpur. Litlar breytingar hafa orðið á spurningum um sjálfsálit og stjórn á eigin lífi sem eru svipaðar og í öðrum skólum. Spurning um einelti kemur svipað út og áður en fylgjast þarf með miklum mun milli árganga.

Spurningar í Skólapúlsinum sem varða skóla- og bekkjaranda koma almennt vel út og er töluvert mikil hækkun á þremur þáttum af sex, sérstaklega sambandi nemenda við kennara. Einnig er skólinn yfir landsmeðaltali hvað varðar samsömun við nemendahópinn, aga í tímum og mikilvægi heimavinnu í náminu.

Í foreldrakönnun 2010 mátu foreldrar í Húsaskóla líðan barna sinna í skólanum almennt upp á meðaltalið 3,9 (af 5) sem jafngildir því að þar líði þeim að meðaltali oftast vel og reyndar aðeins betur en það. Hér voru gildin í öllum tilvikum jafnhá og þau voru í könnuninni árið 2008 en meðaltal borgarinnar í þessum spurningum er 4,1 (Foreldrakönnun 2010).

³ Upplýsingar sóttar á vef verkefnisins, www.skolapulsinn.is 8. janúar 2009.

Af 53 foreldrum í Húsaskóla er svöruðu spurningu um hvort barn þeirra hefði verið lagt í einelti í skólanum á síðastliðnum 12 mánuðum, sögðu 10 eða 18,9%, svo vera. Meðaltalið fyrir skólana í Reykjavík var 15,8%. Til viðbótar nefndu tveir foreldrar að barn þeirra hefði orðið fyrir einelti þó lengra væri síðan. Af þessum 12 foreldrum sögðu tveir (17%) að skólinn hefði brugðist fljótt og vel við eineltinu, sjö að skólinn hefði brugðist vel en ekki nógu fljótt við og þrír sögðu að skólinn hefði ekki tekið á málinu. Niðurstaðan í skólanum varðandi viðbrögðin var lakari en niðurstaðan í borginni allri þar sem 31% foreldra töldu skóla hafa tekið fljótt og vel á málum.

Nemendur í rýnihópum tala flest um að þeim líði vel í skólanum og þeim gangi vel að fylgja skólareglunum. Nefnt var að kennarar færu ekki allir eftir reglunum eins. Nemendahóparnir sem rætt var við töldu að allir ættu einhverja vini í skólanum, einelti þekktist samt en nefndu dæmi um að nemendur sem hefði liðið illa í öðrum skólum liði betur hjá þeim. Í opnum svörum nemenda í Skólapúlsinum í september 2011 nefndu margir að þeir ættu góða og skemmtilega vini í skólanum og að það væri lítið einelti. Ánægja var með íþróttadaga og fleiri hefðir sem nemendur nefndu. Nemendur sem rætt var við í 7. bekk voru ánægðir með sameiningu bekkja þó þeim hafi ekki litist á það til að byrja með. Ánægja var með félagsmiðstöðina hjá 8. og 9. bekk og þeim gekk vel með samskipti við eldri nemendur.

Nemendur tala almennt vel um kennara sína þó hjá sumum mætti vera meiri fjölbreytni og vinnufriður væri ekki hjá öllum. Nefnt var að kennararnir væru „góðir í því sem þeir eru að gera“ og „gæfu góðar útskýringar.“ Þá fannst nemendum það gera námið skemmtilegra þegar kennarar færu út fyrir námsefnið til að koma með dæmi. Gott væri að leita til námsráðgjafa og umsjónarkennara ef þyrfti. Elstu nemendurnir töldu mikið vera um próf og stundum mætti skipuleggja það betur svo ekki væri mikið á sama tíma. Í opnum svörum í Skólapúlsinum í september 2011 nefndu margir að kennararnir væru skemmtilegir, sanngjarnir og góðir. Þar var einnig nefnt að bókasafnið mætti vera meira opið og að meira úrval af listgreinum væri í boði.

Stjórn nemendafélags

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir í 10. grein um nemendafélög:

„Við grunnskóla skal starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Nemendafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð skv. 2. mgr. 8. gr.“

Alls skipa 13 fulltrúar úr 8.-10. bekk stjórn nemendafélags Húsaskóla og eru þeir kosnir af nemendum eftir að nemendur hafa kynnt sig með framboðsræðum. Þrír fulltrúar eru úr 8. bekk og fimm úr hvorum árgangi í 9. og 10. bekk. Einn fulltrúi gegnir hlutverki formanns í stjórninni sem er eina embættið. Stjórnin fundar vikulega utan skólatíma. Verkefnastjóri í félagsmiðstöð hefur umsjón með starfi stjórnarinnar en stjórnin fundar ekki með öðrum starfsmönnum í skólanum. Hlutverk stjórnarinnar er að skipuleggja félagslíf unglunga og ákveðna viðburði.

Starfsmenn heildarmats sátu fund stjórnarinnar þar sem viðburðir í félagsstarfi nemenda voru á dagskrá. Verkefnastjóri stýrði fundinum og skráði niður fundargerð í tölvu sem nemendur fá senda. Margt var á dagskrá fundarins, flestir nemendur voru virkir í umræðum og settu

fram hugmyndir. Nokkrir fulltrúanna höfðu sig þó lítið í frammi. Unglingarnir virtust áhugasöm um viðburðina og virtust skipta nokkuð vel með sér verkefnum. Margir viðburðir voru á döfinni og töluvert rætt um Skrekk, fatahönnunarkeppnina Stíl, Rímnaflæði og Góðgerðarvikuna sem er sameiginlegt verkefni félagsmiðstöðva í Grafarvogi. Óskað var eftir því að fulltrúar sem fóru á nýafstaðinn fund í Hlöðunni ræddu sameiginlega viðburði og deildu því sem þar fór fram. Verkefnastjórinn ræddi einnig við unglíngana um það hvaða tilfinningu þeir hefðu fyrir mætingu ef félagsmiðstöðin yrði opin milli jóla og nýárs.

Eftir fundinn gáfu fulltrúarnir upplýsingar um skipulag á starfi stjórnarinnar. Þau sögðu þátttökuna í félagslífinu vera góða. Spurt var um tengsl stjórnarinnar við skólaráðið og kom þá í ljós að fulltrúarnir á fundinum þekktu almennt ekki til starfa skólaráðs. Tvær stúlkur sem eru fulltrúar í stjórn nemendafélagsins eru einnig fulltrúar nemenda í skólaráði. Þær sögðust vera skipaðar af skólastjóra en verkefnastjórinn hefði haft milligöngu um valið.

Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi

Í foreldrakönnuninni veturinn 2010 svöruðu 56 foreldrar í Húsaskóla könnuninni af 92 í úrtaki, sem er 61 % svarhlutfall. Svarhlutfallið var 65% fyrir alla grunnskólana í borginni.

Helstu niðurstöður voru þær að 63,6% foreldranna sögðust vera ánægð með skólann, þar af sögðust 14,5% vera mjög ánægð. Hlutfallið lækkaði úr 69,2% í mælingunni árið 2008 sem var sú mesta sem mælst hefur en meðaltal fyrri ára er 62%. Almennt hækkaði hlutfall foreldra sem voru ánægðir með skóla barns síns í Reykjavík.

Í spurningu um stjórnun skólans töldu 37% foreldra skólanum vera vel stjórnað, þar af sögðust 8% telja skólanum vera mjög vel stjórnað. Í fyrstu könnuninni árið 2000 var ánægjuhlutfallið í skólanum með stjórnunina 35,4% en síðan þá hækkaði ánægjuhlutfallið í öllum mælingum og var komið í 53,4% árið 2008. Sé meðaltalsánægja reiknuð á kvarðanum 1-5 var meðaltal Húsaskóla árið 2010 þannig 3,0 en Reykjavíkur 4,0.

Ánægja foreldra með umsjónarkennara minnkaði einnig í könnuninni 2010 og var ánægjan undir meðaltali borgarinnar nú og í fyrri könnunum. Mest var ánægjan með samskipti umsjónarkennara við barnið og foreldrana (4,2 en meðaltal borgarinnar 4,5) en minnst var ánægjan með upplýsingar frá umsjónarkennara um líðan og samskipti barnanna í bekknum (3,6 en meðaltal borgarinnar 3,8)

Um 78% foreldra fannst skólinn gera hæfilegar námslegar kröfur til barnsins síns en 20% fundust þær of litlar. Þá fannst 70% foreldra aginn vera hæfilegur en 29% fannst hann of lítill sem eru marktækt fleiri en að meðaltali í Reykjavík. 65% fannst magn heimavinnu barnsins hæfileg en jafn stór hópur, um 17% hvor, fannst heimavinnan annað hvort of mikil eða of lítil. Í Reykjavík almennt voru 77% foreldra sátt við heimavinnu barnsins.

Sé miðað við könnunina 2008, þá minnkaði ánægja foreldra með almennt ástand húsnæðis, aðstöðu til að matast, aðstöðu á skólalóð og aðstöðu til íþróttaiðkunar en stóð í stað með samskipti starfsfólks við barnið og hvernig skólinn kæmi til móts við þarfir barns þeirra. Meðaltöl skólans voru hér oftast lægri en meðaltöl borginnar nema um íþróttaaðstöðu.

Í heildina kom skólinn ekki eins vel út í foreldrakönnuninni fyrir árið 2010 sé miðað við árið 2008 en þá kom könnunin reyndar best út af öllum fyrri könnunum. Í mörgum

lykilspurningum voru foreldrar óánægðari en að aðrir foreldrar í borginni sem þátt tóku í könnuninni.

Foreldrar í rýnihópi töldu upplýsingaflæði um nám og félagslíf nemenda minnka nokkuð mikið þegar nemendur færu á unglíngastig. Einstaka kennari stæði sig þó vel í að senda upplýsingar til foreldra en þó væri alltaf auðvelt að fá upplýsingar ef foreldrar leituðu eftir.

Foreldrarnir töldu kennsluhætti skólans vera fremur hefðbundna en þó væru einhverjar nýjungar í bland. Kennsla í skólanum væri almennt góð og nemendur stæðu sig vel. Á miðstigi settu nemendur sér markmið sem kynnt var foreldrum en það hefði ekki haldið áfram á unglíngastigi.

Aðgengi að stjórnendum væri almennt gott en margir foreldrar leituðu einnig beint til kennara ef upp kæmu vandamál. Foreldrarnir höfðu bæði heyrt ánægju og óánægju foreldra með úrlausn mála sem stjórnendur komu að. Á tímabili hafi vantað samræmingu í reglum og viðurlögum sem nemendur hafi kvartað nokkuð undan. Misjafnlega hefði gefist að láta foreldra sitja í tímum þar sem agamál væri erfíð. Viðhorf annarra starfsmanna til nemenda var yfirleitt gott en þó var nefnt að stundum þætti nemendum stífní í reglum af þeirra hálfu.

Skólaráð og foreldrafélag

Enginn í rýnihópi foreldra sat í skólaráði. Viðmælendur töldu sig vita hverjir sætu þar fyrir hönd foreldra. Tilnefning í skólaráð væri líklega í samráði foreldrafélag og stjórnenda því ekki væri auglýst eftir fulltrúum eða kosið um þá á fundum foreldrafélags. Fundir skólaráðs eru einu sinni í mánuði og fundargerðir ættu að fara á heimasíðu skólans, en tveir hafa skoðað þær. Við skoðun á heimasíðunni fundust ekki fundargerðir skólaráðs.

Rýnihópur foreldra taldi vitund foreldra um skólaráðið ekki mikla og ekki væri leitað mikið til fulltrúa foreldra í skólaráði með mál. Foreldrar fengju oftast þær upplýsingar sem þeir vildu hjá skólastjóra og kennurum skólans og leituðu til þeirra með mál beint.

Starfsemi foreldrafélags er hefðbundin, félagið sér um að bekkjarfulltrúar séu valdir og er tengiliður við þá. Stjórn foreldrafélagsins fundar mánaðarlega með skólastjóra. Félagið stendur fyrir ýmsum viðburðum fyrir alla árganga, styrkir útskriftarferð nemenda og hefur t.d. gefið íþróttaföt á nemendur fyrir keppnir. Mæting á viðburði er góð en léleg á fundi félagsins. Fræðslukvöld fyrir foreldra er sameiginlegt með öðrum skólum í hverfinu sem hefur gefist vel enda fáir mættir þegar félagið stóð sjálft fyrir slíku. Meiri hvatning mætti koma frá skólanum til foreldra um að taka þátt í foreldrasamstarfi.

Á heimasíðu skólans eru upplýsingar um lög foreldrafélagsins, fundargerðir stjórnar og yfirlit yfir bekkjarfulltrúa.

Samantekt: Skólastarf

- Starfsáætlun Húsaskóla fyrir skólaárið 2010-2011 var yfirfarin á grunnskólaskrifstofu Menntasviðs haustið 2010. Hún uppfyllti að öllu leyti þau skilyrði sem Menntasvið setur grunnskólum Reykjavíkur um starfsáætlanir.
- Einkunnarorð skólans eru: Ábyrgð - Virðing - Vinátta - Starfsgleði – Samvinna. Stefna Húsaskóla tekur mið af grunnskólalögum, Aðalnámskrá grunnskóla og framtíðarsýn Reykjavíkurborgar:

- Í viðhorfsskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2009 kemur fram að starfsmenn telja sig almennt þekkja markmið og stefnu vinnustaðarins og eru ánægðir með hana.
- Meðaltalsárangur nemenda í Húsaskóla á samræmdum könnunarprófum í 7. bekk haustið 2010 er í báðum greinum undir landsmeðaltali og meðaltali borgarinnar.
- Í 10. bekk er meðaltalsárangurinn yfir landsmeðaltali í öllum greinum og yfir meðaltali Reykjavíkur í íslensku og stærðfræði.
- Framfarastuðull nemenda í 7. og 10. bekk Húsaskóla 2010 er nálægt venjulegum framförum í bæði íslensku og stærðfræði.
- Húsaskóli er í hópi skóla í Reykjavík sem höfðu slakasta útkomu í lesskilningi, stærðfræði og náttúrufræði í PISA 2009. Þátttaka nemenda í rannsókninni var 67%.
- Í nýjustu mælingu Skólapúlsins koma mælikvarðar tengdir námsáhuga og virkni nemenda vel út sem og mælingar á skóla- og bekkjaranda.
- Fylgjast þarf vel með mælingum á líðan nemenda, sérstaklega þar sem mikill munur er eftir kyni og aldri.
- Foreldrar telja líðan barna sinna ágæta en meðaltalið er þó undir meðaltali foreldra í öðrum skólum borgarinnar.
- Flestir nemendur telja sig eiga góða vini í skólanum og eru ánægðir með félagslífið. Þeir tala almennt vel um kennara sína.
- Skoða þarf athugasemdir nemenda um skipulagningu prófa sem komu bæði fram í rýnihópum nemenda og með stjórn nemendafélags.
- Félagsstarfið unglinga í Húsaskóla virðist vera öflugt, margir viðburðir á dagskrá og fulltrúar í stjórninni virkir að taka að sér verkefni.
- Fulltrúar í stjórn nemendafélags Húsaskóla segja þátttöku í félagslífinu vera góða.
- Skoða má hvort tengsl skólans við stjórn nemendafélags gætu verið meiri.
- Athygli er vakin á því að samkvæmt 10. grein grunnskólalaga nr. 91/2008 skal nemendafélagið setja sér reglur um kjör fulltrúa nemenda í skólaráð. Einnig þarf að athuga hvernig hægt sé að kynna störf skólaráðs betur fyrir nemendum.
- Ánægja foreldra með skólann almennt hefur lækkað á ný eftir að hafa farið töluvert upp á við árið 2008 samkvæmt foreldrakönnun 2010. Þetta er öfugt við almenna þróun í öðrum skólum í Reykjavík.
- Ánægja foreldra með stjórnun skólans er töluvert undir meðaltali annarra skóla í Reykjavík. Foreldrar í rýnihópi höfðu bæði heyrt ánægju og óánægju foreldra með úrlausn mála hjá stjórnendum skólans.
- Í mörgum lykilspurningum t.d. er varða skipulag náms og upplýsingaflæði frá kennurum eru þátttakendur í foreldrakönnuninni mun óánægðari en að meðaltali í Reykjavík. Foreldrar í rýnihópi tóku undir þá niðurstöðu er upplýsingaflæði á unglingastigi varðar.
- Skólaráðið er virkt en upplýsingamiðlun til foreldra um starfsemi þess gæti verið betri.
- Góð mæting er á viðburði ætlaða nemendum og foreldrum þeirra á vegum foreldrafélagsins og fræðslufundir foreldra með öðrum skólum hverfisins eru ágætlega sóttir.

Verklag

Fjölbreyttar leiðir í námi

Einkunnarorð skólans eru: Ábyrgð - Virðing - Vinátta - Starfsgleði – Samvinna. Stefna Húsaskóla tekur mið af grunnskólalögum, Aðalnámskrá grunnskóla og framtíðarsýn Reykjavíkurborgar:

Markmið skólastarfsins eins og þau eru sett fram í skólastefnu eru:

- Að veita góða, alhliða menntun og stuðla að þroska hvers og eins nemanda.
- Að stuðla að góðri líðan nemenda.
- Að stuðla að góðu samstarfi við foreldra.
- Að leggja áherslu á jákvætt, faglegt starfsumhverfi og starfsánægju. (Starfsáætlun Húsaskóla, Stefna og markmið).

Á unglíngastigi er nemendahópnum skipt í fimm bekkjardeildir, ein í 8. bekk og tvær í 9. og 10. bekk. 8. bekknum er þó skipt í tvo námshópa í íslensku og stærðfræði. Allar kjarnagreinar eru kenndar í bekkjum, list- og verkgreinar eru kenndar hálfan vetur í 8. bekk en í 9. og 10. bekk eru þær hluti af frjálsu vali nemenda.

Skoðaðar voru kennsluáætlanir sem skilað er til skólastjóra í upphafi haust- og vorannar. Í þeim kemur fram hvað á að fara yfir af námsefni í hverri viku og að hvaða námsþáttum er verið að vinna, en lítið sem ekki er lýst kennsluaðferðum, námsleiðum eða námsmati, undantekning frá þessu er námskrá og námsáætlun í náttúrufræði.

Nemendur gera sér ekki eigin áætlanir um námið en einstaklingsáætlanir eru gerðar fyrir nemendur sem þurfa meira námsefni og eru bráðgerir, að sögn kennara í rýnihópi.

Heimanám er ekki mikið að mati rýnihópa nemenda en mismikið eftir kennurum. Eldri nemendur reyna að ljúka heimanámi í skólanum og „flest á að vera hægt að klára í skólanum“, segir í rýnihópi. Það er helst í 7. bekk sem þeim finnst að minnka mætti heimanámið enda ekki gefinn kostur á að ljúka því í skólanum

Í 7. bekk eru gerðar vikuáætlanir um heimanámið og þær eru settar í Mentor, sömuleiðis eru settar upplýsingar í Mentor um heimanám í eldri bekkjunum, en þau skrá líka hjá sér í kompu hvað sett er fyrir.

Valgreinar


Valgreinar eru 7 tímar á viku í 9.-10. bekk. Á stundatöflu þessara bekkja eru kjarnatímar fram að hádegi en eftir hádegi taka valtímar við. Nokkur samvinna er milli skóla í hverfinu um framboð á valgreinum og nemendur Húsaskóla sækja valtíma í Hamra-, Folda- og Rimaskóla. Alls dreifist nemendahópurinn á 21 valgrein skólaárið 2011-2012 og tengist um helmingur þeirra list- og verkgreinum.

Kennsluhættir

Faggreinakennsla er í unglíngadeildum og nemendur fara á milli stofa. Í rýnihópi þeirra kemur fram að þeim fellur þetta skipulag vel og finnst það „þægilegt“.

Í vettvangsathugunum voru nemendur oftast að vinna að verkefnum undir stjórn kennara, allir að sama eða hliðstæðu verkefni í um 37% þeirra stunda sem heimsóttar voru, bein


kennsla/innlögnum/umræður voru í um 27% stunda, þemavinnu og markvissa samvinnu í hóp var merkt við í einni kennslustund eða í um 9% tilvika og sömuleiðis var merkt við verklegt og sköpun – tjáningu í einni stund.⁴



Þann fyrirvara þarf að hafa við skoðun á þessari mynd að aðeins voru heimsóttar 10 stundir í 8.-10. bekk þar af tvær í list- og verkgreinum. Því má ekki túlka þessar upplýsingar fyrir aðra árganga skólans.

Mat á gæðum kennslustunda – vettvangsathuganir

Alls var farið í heimsókn í 10 kennslustundir í 8.-10. bekk og þar af 9 metnar. Í fylgiskjali um vettvangsathuganir er að finna lýsingu athugenda og mat samkvæmt viðmiðum um gæði kennslustunda (sjá fylgiskjal: Viðmið um mat á gæðum kennslustundar).



⁴ Í hverri stund getur verið merkt við öll vinnubrögð sem fyrir koma. Fjöldi merkinga er því meiri en fjöldi stunda sem fylgst var með.

Af þeim kennslustundum sem heimsóttar voru teljast 55% góðar (súla 2 á myndinni) og 45% viðunandi (súla 3 á myndinni). Engin kennslustund var metin frábær og engin óviðunandi. Í flestum kennslustundum sem heimsóttar voru mátti sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið (sjá fylgiskjal; vettvangsathuganir).

Til samanburðar eru gæði kennslustunda að meðaltali í þeim skólum sem metnir hafa verið síðan í byrjun árs 2009.

Skólaþróun og mat

Húsaskóli hefur unnið að þróunarverkefnum í samstarfi við grunnskóla í Grafarvogi. Verkefnin eru Byrjendalæsi, gagnvirkur lestur og aðferðir tengdar Orð af orði.

Þegar sjálfsmat Húsaskóla var metið í úttekt á vegum Menntamálaráðuneytisins vorið 2007 uppfyllti skólinn bæði viðmið um sjálfsmatsaðferðir og framkvæmd sjálfsmats að öllu leyti.

Sjálfsmatsskýrsla Húsaskóla frá árinu 2005 er á heimasíðu skólans undir: Skjöl.

Sjálfsmatsskýrsla fyrir árið 2010-2011 hefur verið sett upp í Skólaspeglinum (Skoldialogen). Eftirfarandi matsspurningar eru til grundvallar matinu:

- Árangur nemenda Húsaskóla á samræmdum prófum og skimunum - eru nemendur að bæta færni sína og þekkingu?
- Líður nemendum vel í skólanum?
- Eru foreldrar vel upplýstir um skólastafið og virkir þátttakendur í skólastarfinu?
- Er skólanum vel stjórnað að mati starfsmanna og foreldra?
- Líður starfsfólki vel og er það ánægt með stefnu skólans?
- Sýna starfsmenn skólans metnað í starfi?

Samantekt: Verklag

- Einkunnarorð skólans eru: Ábyrgð - Virðing - Vinátta - Starfsgleði – Samvinna.
- Á unglíngastigi er nemendahópnunum skipt í fimm bekkjardeildir, ein í 8. bekk og tvær í 9. og 10. bekk. 8. bekknum er þó skipt í tvo námshópa í íslensku og stærðfræði.
- Skoðaðar voru kennsluáætlanir. Í þeim kemur fram hvað á að fara yfir af námsefni í hverri viku og að hvaða námsþáttum er verið að vinna, en lítið sem ekki er lýst kennsluáferðum, námsleiðum eða námsmati, undantekning frá þessu er námskrá og námsáætlun í náttúrufræði.
- Nemendur gera sér ekki eigin áætlanir um námið en einstaklingsáætlanir eru gerðar fyrir nemendur sem þurfa meira námsefni og eru bráðgerir, að sögn kennara í rýnihópi.
- Heimanám er ekki mikið að mati rýnihópa nemenda en mismikið eftir kennurum. Í 7. bekk eru gerðar vikuáætlanir um heimanámið.
- Faggreinakennsla er í unglíngadeildum og nemendur fara á milli stofa. Í rýnihópi þeirra kemur fram að þeim fellur þetta skipulag vel og finnst það „þægilegt“.
- Valgreinar eru 7 tímar á viku í 9.-10. bekk. Nokkur samvinna er milli skóla í hverfinu um framboð á valgreinum.

- Alls dreifist nemendahópurinn á 21 valgrein skólaárið 2011-2012 og tengist um helmingur þeirra list- og verkgreinum
- Í vettvangsathugunum voru nemendur oftast að vinna að verkefnum undir stjórn kennara, eða í um 45% þeirra stunda sem heimsóttar voru, þein kennsla/innlögn/umræður voru í um 33% stunda, þemavinnu og markvissa samvinnu í hóp var merkt við í einni kennslustund eða í um 11% tilvika.
- Af þeim kennslustundum sem heimsóttar voru teljast 57% góðar (súla 2 á myndinni) og 43% viðunandi (súla 3 á myndinni). Engin kennslustund var metin frábær og engin óviðunandi.
- Í flestum kennslustundum sem heimsóttar voru mátti sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið.
- Húsaskóli hefur unnið að þróunarverkefnum í samstarfi við grunnskóla í Grafarvogi. Verkefnin eru Byrjendalæsi, gagnvirkur lestur og aðferðir tengdar Orð af orði.
- Þegar sjálfsmat Húsaskóla var metið í úttekkt á vegum Menntamálaráðuneytisins vorið 2007 uppfyllti skólinn bæði viðmið um sjálfsmatsaðferðir og framkvæmd sjálfsmats að öllu leyti.
- Sjálfsmatsskýrsla Húsaskóla frá árinu 2005 er á heimasíðu undir: Skjöl. Sjálfsmatsskýrsla fyrir árið 2010-2011 hefur verið sett upp í Skólaspeglinum (Skoldialogen).

Mannauður

Starfsánægja og líðan á vinnustað

Í skólanum starfa 43 starfsmenn skólaárið 2011-2012 í 37,85 stöðugildum, þar af stjórnendur í 2,5 stöðugildum og kennarar í 24,28 stöðugildum.

Á undanförunum árum hefur Húsaskóli komið ágætlega út í starfsánægjukönnunum sem gerðar hafa verið á vegum Reykjavíkurborgar og hafa niðurstöður hækkað nokkuð á milli ára í nokkrum lykilsurningum⁵. Þannig hækkaði meðaltal við fullyrðingunni „Á heildina litið er ég ánægð(ur) í starfi mínu“ úr 3,85 árið 2008 í 4,29 árið 2009⁶. Þá voru um 96% svarenda frekar eða mjög sammála fullyrðingunni og enginn henni ósammála.

Í könnuninni 2009 voru nær allar fullyrðingar er snéru að viðhorfum starfsmanna gagnvart starfsanda og samvinnu á styrkleikabili. Fullyrðingar um árangur og gæði í starfi voru yfir 4 af 5 mögulegum. Viðhorf starfsmanna gagnvart stjórnun skólans voru yfirleitt jákvæð. Um 71% svarenda voru sammála því að vinnustaðnum væri vel stjórnað en 85% svarenda báru traust til yfirmanns síns. Um 89% voru ánægð með samskiptin við næsta yfirmann. Viðhorf til upplýsingaflæðis voru einnig fremur jákvæð og nokkuð jákvæðari en að meðaltali í grunnskólum borgarinnar. Einnig voru viðhorf gagnvart því hvernig starfið er metið af yfirmanni og samstarfsfólki mun jákvæðari 2009 (4,18) en 2008 (3,55).

Í rýnihópi og viðtölum við kennara kom fram að þeir meta starfsanda mjög góðan í skólanum, en segja þó að andrúmsloftið sé erfitt vegna ýmissa þátta, m.a manneklu og óvissu vegna þeirra breytinga sem framundan eru þegar unglingastigið flyst í Foldaskóla.

Aðgengi að stjórnendum telja viðmælendur vera gott, auðvelt að ná á þá og mikil óformleg samskipti, „komum hlutum jafnóðum til skila“. Þeir telja sig einnig fá endurgjöf og hrós „við fáum stundum klapp á bakið“. Þó heyrir einnig sú rödd að ekki sé tekið á málum sem upp koma í starfsmannahópnum.

Samstarf

Í viðhorfakönnun 2009 voru um 93% svarenda í Húsaskóla sammála fullyrðingunni „Samvinna er góð á mínum vinnustað“ og 89% voru sammála fullyrðingunni „Starfsfólk á mínum vinnustað miðlar þekkingu sín á milli“. Þetta er nær sama hlutfall og að meðaltali í grunnskólum borgarinnar.

Samstarf starfsfólks er formgert með ýmis konar fundum. Starfsmannafundir eru mánaðarlega með öllu starfsfólki og stigsfundir aðra hverja viku. Samkvæmt því sem kom fram í rýnihópi er ritaðar fundargerðir nema á stigsfundum. „Hæfilegt áreiti af fundum“, segir í rýnihópi.

Í viðhorfakönnuninni 2009 voru 75% svarenda sammála fullyrðingunni „Jafnrétti kynja er virt á mínum vinnustað“ og „Það er gætt jafnræðis og jafnréttis gagnvart starfsmönnum á

⁵ Svarhlutfall í könnunum var 77% árið 2009. Ekki hefur verið gerð önnur miðlæg könnun frá vori 2009.

⁶ Niðurstöðum í vinnustaðgreiningu er skipt í þrjú svæði, styrkleikabil 4.20-5.00, starfhæft bil 3.70-4.19 og aðgerðabil 1.00-3.69.

mínum vinnustað“. Þetta er nær sama hlutfall og hjá starfsmönnum annarra grunnskóla í borginni. Jafnræði og jafnrétti var ekki sérstaklega rætt í rýnihópum eða viðtölum.

Aðbúnaður

Aðspurðir um aðbúnað sögðu kennarar í rýnihópi að tölvukosturinn væri að hrynja og skjávarpa vantaði í stofur, „erum komin 10 ár aftur í tímann“. Þeir telja tölvur mikilvægar í allri kennslu ekki síður list- og verkgreinum en bóklegum. Einnig kom fram að erfitt væri að halda út verklegri kennslu vegna sparnaðar í efniskaupum.

Í viðhorfakönnuninni vorið 2009 komu þær spurningar er snéru að aðbúnaði ágætlega út. Þannig voru um 75% svarenda sammála fullyrðingunni „Ég hef aðgang að gögnum og tækjum sem til þarf“ Um 79% svarenda var sammála fullyrðingunni „Vinnuástaða mín er góð“.

Símenntun og starfsþróun

Í 12. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 segir í 3. mgr: „Að frumkvæði skólustjóra mótar hver skóli áætlun til ákveðins tíma um hvernig símenntun starfsfólks hans skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár. Í 4 mgr. segir ennfremur: „Kennarar og skólustjórar grunnskóla skulu eiga kost á reglulegri símenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína. Þeir skulu einnig eiga kost á námsleyfum“.

Í starfsáætlun skólans fyrir árið 2011-2012 er gerð grein fyrir þróunarstarfi/símenntunaráætlun. Þar segir: Starfsfólk skólans leggur áherslu á að vinna gegn einelti samkvæmt áætlun Olweusar og í þeim anda verður unnið með bekkjareglur og skólaanda. Þróuð verður áfram kennsla í mannréttindum, borgarvitund og nemendalýðræði.

Starfsfólk skólans mun kappkosta að fara á kynningar, námskeið og fræðslufundi sem miða að því að auka fagþekkingu. Unnið er að því að auka samþættingu námsgreina. Helstu áherslur og markmið í vetur:

- Auka starfsánægju og samkennd starfsfólks.
- Stuðla að vellíðan og öryggi í hinu daglega starfi.
- Efla fagvitund starfsfólks.
- Efla lestrarkennslu á öllum stigum.
- Nýting upplýsingakerfis fyrir Mentor.
- Vinna markvisst að sjálfsmati og nota til þess viðurkennd greiningargögn. (Heimasíða. Starfsáætlun).

Í viðhorfakönnun 2009 voru um 78% starfsmanna því sammála að þeir hefðu fengið tækifæri til símenntunar á undanförunum 12 mánuðum. Þá kom einnig fram í könnuninni að 85% svarenda hefðu farið í starfsþróunarsamtal á síðustu 12-15 mánuðum þar á undan, sem var nokkuð lægra en árið 2008 (91%). Árið 2009 töldu 61% svarenda samtalið mjög eða frekar gagnlegt en hinsvegar um 26% samtalið ógagnlegt. Kennurum í rýnihópi finnst starfsmannasamtöl „kannski ekki nauðsynleg“, en segja samt að þar sé rætt ýmislegt sem þarft er að ræða.

Samantekt: Mannauður

- Á undanförunum árum hefur Húsaskóli komið ágætlega út í starfsánægjukönnunum sem gerðar hafa verið á vegum Reykjavíkurborgar og hafa niðurstöður hækkað nokkuð á milli ára í nokkrum lykilsurningum

- Í könnuninni 2009 voru nær allar fullyrðingar er snéru að viðhorfum starfsmanna gagnvart starfsanda og samvinnu á styrkleikabili.
- Viðhorf starfsmanna gagnvart stjórnun skólans voru yfirleitt jákvæð í könnuninni.
- Í rýnihópi og viðtölum við kennara kom fram að þeir meta starfsanda mjög góðan í skólanum, en segja þó að andrúmsloftið sé erfitt vegna ýmissa þátta, m.a manneklu og óvissu vegna þeirra breytinga.
- Aðgengi að stjórnendum telja viðmælendur vera gott, auðvelt að ná á þá og mikil óformleg samskipti, „komum hlutum jafnóðum til skila“. Þeir telja sig einnig fá endurgjöf og hrós „við fáum stundum klapp á bakið“. Þó heyrst einnig sú rödd að ekki sé tekið á málum sem upp koma í starfsmannahópnum.
- Í viðhorfakönnun 2009 voru um 93% svarenda í Húsaskóla sammála fullyrðingunni „Samvinna er góð á mínum vinnustað“.
- Samstarf starfsfólks er formgert með ýmis konar fundum. Starfsmannafundir eru mánaðarlega með öllu starfsfólki og stigsfundir aðra hverja viku.
- Aðspurðir um aðbúnað sögðu kennarar í rýnihópi tölvukosturinn væri að hrynja og skjávarpa vantaði í stofur.
- Í viðhorfakönnun 2009 voru um 78% starfsmanna því sammála að þeir hefðu fengið tækifæri til símenntunar á undanförunum 12 mánuðum. Þá kom einnig fram í könnuninni að 85% svarenda hefðu farið í starfsþróunarsamtal á síðustu 12-15 mánuðum þar á undan.
- Kennurum í rýnihópi finnst starfsmannasamtöl „kannski ekki nauðsynleg“, en segja samt að þar sé rætt ýmislegt sem þarft er að ræða.

Heimildir

Aðalnámskrá fyrir grunnskóla. 2011.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Námsmatsstofnun: <http://www.namsmat.is/vefur/rannsoknir/pisa.html>.

Skoðað 25. nóvember 2008.

Skólapulsiinn. www.skolapulsiinn.is

Skýrsla um samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk 2009. Reykjavík. Námsmatsstofnun.

Starfsáætlun Húsaskóla skólaárið 2011-2012. Húsaskóli.

Stefna og starfsáætlun Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 2011. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Ungt fólk 2009. 5., 6. og 7. bekkur. Hagir og líðan barna á Íslandi, íþrótta- og tómstundaiðja, nám og skóli, samband við fjölskyldu og vini, lestur, miðlar og tækjæign. Reykjavík. Rannsóknir og greining.

Viðhorf foreldra til grunnskólastarfs í Reykjavík. 2010. Húsaskóli. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Viðhorfsskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2009. Húsaskóli. Reykjavík: Mannauðsskrifstofa.

www.Húsaskoli.is

Fylgiskjöl

1. Viðmið um mat á gæðum kennslustundar
2. Vettvangsathuganir – trúnaðarskjal
3. Um breytingar framundan – samantekt úr rýnihópum í Húsaskóla